

SAMÞYKKT

fyrir **Veiðifélag Langavatns, Mýrasýslu.**

1. Félagið heitir Veiðifélag Langavatns. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.
2. Félagið nær til allra jarða, sem upprekstur eða land eiga að landi sem liggur að Langavatni og fiskgengum ám og lækjum, sem í vatnið falla, en þær eru: Í Borgarhreppi: Ánabrekka, Beigaldi, Birkiból, Borg, Bóndhóll, Brennistaðir, Einarsnes, Eskiholt I, Eskiholt II, Ferjubakki I, Ferjubakki II, Ferjubakki III, Ferjukot, Fróðhús, Galtarholt I, Galtarholt II, Galtarholt III, Gljúfurá, Gufá, Heyholt, Holt, Jarðlangstaðir, Krumshólar, Laxholt, Litla-Brekka, Litla-Fjall, Litla-Gröf, Lækjarkot, Rauðanes, Staðarhús, Stangarholt, Stóra-Fjall, Svignaskarð, Tungulækur, Valbjarnarvellir, Pursstaðir, Ölvaldsstaðir I, Ölvaldsstaðir II og Ölvaldsstaðir IV, í Stafholtstungnahreppi: Grísatunga, í Álfтанeshreppi: Arnarstapi, Álfтанes, Álftárþakki, Álftárós, Álftártunga, Álftártungukot, Árbær, Hvítstaðir, Grenjar, Grímsstaðir, Valshamar, Háhóll, Hofstaðir, Knarrarnes, Krossnes, Kvíslhöfði, Lambastaðir, Langárfoss, Leirulækjarsel, Leirulækur, Miðhús, Smiðjuhóll, Straumfjörður, Sveinsstaðir, Syðri-Hraundalur, Urriðaa, Vogalækur og Þverholt.
3. Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.
4. Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á sameiginlegum fundi hreppsnefnda til eins árs í senn. Hafa skal samráð við landeiganda að svæðinu. Þá skal kjósa þrjá varamenn og tvo endurskoðendur til sama tíma. Ákvörðun þessi skal gilda þar til öðruvísi verður ákveðið.
5. Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirlýsð með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.
Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.
6. Aðalfundur skal halda í aprílmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.
7. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.
8. Arði af veiði skal skipt niður samkvæmt arðskrá og gjöld til félagsins skulu greidd í sömu hlutföllum og arður er tekinn.
9. Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76 25. júní 1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 6. apríl 1987.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.